

Nd.

233. Frumvarp til laga

[15. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948“ í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 1. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu. Getur ráðherra bundið leyfið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef holfiskur er veiddur í þetta veiðarfæri.

3. gr.

Á eftir lið C2 í 2. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi nýr liður, svo hljóðandi:

C3. Frá línu réttvisandi suðaustur af Selskeri að 18° vestlægri lengd er heimilt að veiða með bontvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílar utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Á eftir lið G1 í 2. gr. laganna komi nýr liður svo hljóðandi:

G2. Frá línu, réttvisandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26. skv. reglugerð nr. 189/1972) að línu réttvisandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílar utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

4. gr.

Á eftir 3. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (4. gr.) Nú á sérstað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talizt, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.
- b. (5. gr.) Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álíts Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.
- c. (6. gr.) Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem megináherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er við kemur vernd fiskistofnanna.

Aðrar greinar laganna breyti um röð í samræmi við þetta, þannig að 4. gr. verður 7. gr. o. s. frv.

5. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1972“ í 8. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 89/1971) komi: til 1. júlí 1973.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.